

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Eystra-Seljaland F5 og F7.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 9. janúar 2025 breytingu á deiliskipulagi að Eystra-Seljalandi F7, L231719 og Eystra-Seljalandi F5, L226202. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytingu í greinargerð, þar sem heimilt er að hafa hótelið á tveimur til þremur hæðum í stað einnar til tveggja en hámarkshæð verður óbreytt eða 11 m miðað við gólfkóta. Kvöð um aðkomu hefur einnig verið bætt í greinargerð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 10. febrúar 2025.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Þóra Björg Ragnarsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. febrúar 2025